

7.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 6.maí 2026. Fundurinn er haldinn á skrifstofu Árneshrepps og hefst kl. 14:00.

Mætt er til fundar; Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2, Róbert H. Ingólfsson Árnesi 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Auk þess er Halldóra hjá Kpmg viðstödd vegna ársreiknings.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. 1. Ársreikningar ársins 2025, síðari umræða.
2. 2. Upplýsingaveita Sambandsins, póstur frá 30.apríl og 4.maí.
3. 3. Úrgangsráð Vestfjarða , fundargerð 22.apríl 2026.
4. 4. Skógræktarfélag Íslands, ályktun fulltrúafundar.
5. 5. Málefni Norðurfjarðarhafnar, samningar við landeigendur, betri frágangur og fleira.
6. 6. Hreinsitækni, rótpróatæming. Framhald frá síðasta fundi.
7. 7. Sorpsamlag Strandasýstu, fundargerð frá fundi 29.04.2026.
8. 8. Bréf frá HMS varðandi vefþjónustu á rafrænum húsaleigusamningum.
9. 9. Önnur mál.

1. 1. Ársreikningar ársins 2025, síðari umræða. Halldóra er með á fundinum til að fara yfir málið. Hún útskýrði að Kpmg hefði ákveðið að setja með viðauka vegna væntanlegrar sameiningar sveitarfélaganna Árneshrepps og Kaldrananeshrepps. Sveitarstjórn ber ábyrgð á endurskoðun ársreikninga og undirritar skýrslu ásamt oddvita. Prófanir á færslum sýna engar óvenjulegar fjármagnsfærslur. Ekkert sérstakt kom fram , viðaukar eru samkvæmt áætlunum, rekstarjöfnuður er í lagi. Skuldahlutfall er á núlli þar sem sveitarfélagið skuldar engar langtímaskuldir, framlegð er í góðu jafnvægi. Að lokinni nokkurri umræðu lauk síðari umræðu um Ársreikninga Árneshrepps fyrir árið 2025 og voru þeir samþykktir samhljóða af hreppsnefnd.

Í framhaldi af samþykkt ársreikningsins var gerður viðauki 1 við fjárhagsáætlun ársins 2026, varðandi endurnýjun á eldhúsinu í Finnbogastaðaskóla. Viðaukinn tekur til bæði efnis og vinnu og er áætlaður kr. 7.000.000,- . Viðaukinn hefur ekki áhrif á rekstur sveitarfélagsins þar sem upphæðin er til fjárfestingar og brugðist er við með lækkun á handbæru fé.

1. 1. Upplýsingaveita Sambandsins, póstur frá 30.apríl og 4.maí. Kpmg mun hafa Samband við Sambandið varðandi þetta mál. Ennfremur þar
2. 2. Úrgangsráð Vestfjarða , fundargerð 22.apríl 2026. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
3. 3. Skógræktarfélag Íslands, ályktun fulltrúafundar. Ályktunin lögð fram til kynningar.
4. 4. Málefni Norðurfjarðarhafnar, samningar við landeigendur, betri frágangur og fleira. Ákveðið var að láta komandi hreppsnefnd taka við málinu, bæði hvað varðar samskipti við N1 og væntanlega samninga um hafnarsvæðið.

1. 1. Hreinsitækni, rótpróatæming. Framhald frá síðasta fundi. Ákveðið var að tala við Hreinsitækni og gera ákveðnar athugasemdir við vinnulag. Láta vita fyrirfram hvaða bæi á að taka í hverri ferð. Ath. með förgunarstað til að spara flutningskostnað. Fá upplýsingar varðandi 3 rotprær í Norðurfirði.
2. 2. Sorpsamlag Strandasýstu, fundargerð frá fundi 29.04.2026. Fundargerð lögð fram til kynningar.

3. 3. Bréf frá HMS varðandi vefþjónustu á rafrænum húsaleigusamningum. Lagt fram til kynningar.
4. 4. Önnur mál.
- a) a) Erindi frá Gefum íslensku sjéns, ákveðið var að styðja við verkefnið áfram og greiða uppsettar 50.000 krónur í félagsgjald.
- b) b) Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna, ákveðið að greiða fyrir styrktarlínu kr. 10.000,-
- c) c) Svæðisskipulag Vestfjarða.

*Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða hefur yfirfarið kynningartillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2040 og sendir sveitarstjórnnum lokatillögu ásamt umsögnum nefndarinnar við framkomnum athugasemdum til samþykktar, sbr.mgr.25.gr. Skipulagslaga nr.123/2010.*

*Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir Svæðisskipulag Vestfjarða fyrir sitt leyti.*

- a) a) Erindi frá Þorgerði L. Björnsdóttur varðandi leigu á heimavist Finnbogastaðaskóla. Hreppsnefnd samþykkti að verða við þeirri beiðni.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:10